

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. Árlegur vatnsskattur sbr. 15. gr. 2. mgr.
2% af fasteignamatsverði, þó aldrei lægri en kr. 500.00.
2. Aukavatnsskattur sbr. 15. gr. 3. mgr.
 - a) 2% af fasteignamatsverði, þó aldrei lægra en kr. 500.00 að viðbættum kr. 1.50 pr. m³ selds vatns skv. mæli.
 - b) Sé vatn ekki selt eftir mæli skv. 15. gr. er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir:
 - Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 2.25.
 - Af hverri smálest síldar lagðri upp í bræðslu kr. 10.00.
 - Af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 30.00.
 - Af hverri smálest afsaltfiski kr. 6.00.
 - Af hverri kind, sem slátrað er kr. 0.90.
 - Af hverjum stórgrip, sem slátrað er kr. 1.50.
 - c) Kr. 2.50 pr. m³ selds vatns skv. mæli. Ekkert fastagjald.
 - d) Kr. 20.00 pr. m³ selds vatns til skipa skv. mæli, þó ekki lægra en kr. 250.00.
3. Mælaleiga:
Kr. 500.00 á ári.
4. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 50%, einstaka liði eða í heild án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

VIÐ A U K I

við byggingarsamþykkt Mosfellshrepps nr. 280/1967.

I. KAFLI

Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.